

Innimálun:

### Ýmis góð ráð

- Loft eru alltaf máluð á undan veggjum, svo ekki fari málning á nýmálaða veggina.
- Loft eru oftast höfð ljósari en veggir. Þannig skynjum við herbergi stærra og rýmri.
- Aukin gljái gerir misfellur á yfirborði meira áberandi. Mött málning felur misfellur betur en gljáandi.
- Ekki er ráðlagt að mála loft með herra gljástig en 5. Á veggum í herbergjum og stofu er hægt að nota meira t.d. gljástig 10-20.
- Í eldhúsi og baðherbergi er mælt með enn herra gljástigi, t.d. með Hemukrýl málningu.
- Augað skynjar liti mismunandi eftir gljáa, og mattari málning gefur ljósari tón.
- Litir virðast sterkari á stórum flötum. Veljið því daufari liti á stóra fleti og sterkari á litla.
- Lýsing hefur áhrif á liti.
- Byrjið ekki á nýrri málningardós á miðjum vegg.
- Rétt hitastig (15-20 °C) og rakastig (40-70 %) skipta máli hvernig til tekst.
- Lesið vandlega á dósarmiða áður en vinnan hefst.
- Litaprufur geta verið afar hjálplegar við val á litum. Hægt að fá litlar handhægar litaprufur í öllum litum og prófa hinar og þessar litasamsetningar.
- Ekki er allt sem sýnist í litakortum. Margir litir, sem þar eru, hafa svokallaða viðvörun, vegna ýmissa ágalla. Þar má nefna lélega dekkingu, lélegt sólþol og fl. Öllum þessum vafaatriðum á sölufólk að bregðast við og aðvara kaupendur.

### Gólf

Þegar gólf eru máluð er gott að hafa í huga, að ekki er þörf á málningu með sama styrkleika, þegar annars vegar er málað gólf í tómsundarherbergi og hins vegar gólf á vélaverkstæði. Sterkustu gólfmálningarkerfin eru yfirleitt mjög lyktarsterk og innihalda leysiefni sem geta valdið ofnæmi. Þau efni eiga að sjálfsögðu ekki við í íbúðarhúsnæði eða á almennum vinnustöðum.

### Böð, sturtuklefar og þvottahús

Þegar mála skal baðherbergi, sturtuklefa, þvottahús og aðra þá staði þar sem raki og bleyta er, þarf önnur málningarefni en þau sem eru sett í stofur og herbergi. Raki og bleyta veldur álagi á málninguna og skapar hættu á sveppamyndun og þess háttar.

Á svæðum sem myglu- eða ýldumyndun hefur orðið, þarf að þrifa vandlega með klórblöndu og skola vel á eftir. Til spórtlunar þarf rakapolið spartl og til fyllinga og þéttunar í kverkum og samskeytum er notað rakapolið kítta. Áður lakkaða fleti þarf að matta. Að lokum þarf þetta og sterka málningu sem þolir vatnsálagið og hindrar sveppamyndun. Hemukrýl lakk málning myndar harða og sterka filmu með mikið viðnám gegn raka og bleytu. Jafnframt er í málningunni öflug mygluvarnarefni.

### Gluggar, hurðir og húsgögn

Gömur húsgögn, hurðir og annað úr viði er hægt að gera sem nýtt. Allt sem þarf eru fyrsta flokks málningarefni og góð ráð frá okkur. Litaland býður upp á bæði vatns- og olíulökk. Þau eru til í gljástigum 30-90 og hægt er að fá lökkinn í hundruðum lita. Hálfmött lökk gefa gamaldags áferð. Hágljáandi lökk eru sterk og gefa yfirborð sem auðvelt er að þrifa.

Þegar gamall viður er lakkaður, skiptir undirvinnan öllu máli, ef vel á að takast. Reikna má með að í undirvinnuna fari 9/10 hlutar tímans. Nú á tímum umhverfisverndar hafa vatnspynnanleg lökk rutt sér til rúms í auknum mæli. Þegar notuð eru vatnslökk þarf að hafa eftirfarandi í huga:

Þau þorna mun hraðar en olíulökk, sem þýðir að öll handtök þurfa að vera ákveðin og örugg. Hafið alltaf raka tusku við höndina.

Hátt rakastig og lágt hitastig lengja þurrktímann og gera efni meðfærilegra.

Í vatnspynnanleg lökk þarf sérstaka pensla og rúllur.



**LITALAND**

*Gæði og góð þjónusta*

Höfðatorgi, Borgartúni 16,  
105 Reykjavík  
sími: 562 2422

Furuvellir 7, 600 Akureyri  
sími: 461 2760  
[www.litaland.is](http://www.litaland.is)